



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 9-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1335*  
*komudagur 12.3.04*

Berist til: Sigrúnar Brynju Einarsdóttur

*Vestmannaeyjum, 3. mars 2004*

**Efni: Athugasemdir við þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477.mál**

Vegna bréfs dagsett þann 5. febrúar 2004 þar sem óskað eftir umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008 er send eftirfarandi umsögn.

Umhverfisnefnd Vestmannaeyjabæjar var falið af bæjarráði Vestmannaeyja þann 9.febrúar ásamt Náttúrustofu Suðurlands að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir:

Á Heimaey er í tillögunni gert ráð fyrir að verndunin nái eingöngu til Ystakletts og Heimakletts. Hér vantar inn Miðklett á milli Heimakletts og Ystakletts því ekki er að sjá nein rök fyrir því að Miðklettur sé undanskilinn.

Í lýsingu á núverandi landnotkun er talað um fiskveiðar, fuglaveiðar, eggjatöku, útivist og ferðaþjónustu. Hér vantar að nefna sauðfjárbreit sem er í flestum úteyjum auk Heima- og Ystakletts.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir að svo stöddu en lögð á það rík áhersla að núverandi landnotkun haldist og að allur undirbúningur friðlýsingar verði í samvinnu við heimamenn.

Virðingarfyllst  
f.h. Vestmannaeyjabæjar

Frosti Gíslason  
Framkvæmdastjóri  
Umhverfis- og framkvæmdasviðs

f.h. Náttúrustofu Suðurlands

Ingvar Atli Sigurðsson  
Forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands